



Kríunes

ONE2212082 / BG

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi

Dags. 30.03.23

Umsögn skipulagsdeildar

1) Forsendur

Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040 staðfest 28.12.21. Lóðin er á verslunar og þjónustusvæði VP-18. Gildandi deiliskipulag: Vatnsendi, milli vatns og vegar staðfest 8. Maí 2001

2) Ferill máls

Á fundi skipulagsráðs Kópavogs 19. Desember 2022 var lögð fram tillaga Nexus arkitekta dags. 1. Desember 2022 fh. lóðarhafa Kríuness þar sem óskað er eftir breytingu á þar sem byggingarmagn er aukið og byggingarreitur stækkaður.

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti þann 10. janúar 2023 að auglýsa í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir Kríunes.

Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir nýrri viðbyggingu hótelsins á neðri hæð hússins á suðurhluta lóðar. Að auki er gert ráð fyrir breytingum á innra fyrirkomulagi hússins með því að breyta hluta núverandi húsnaðis hótelsins í íbúðarhúsnaði. Heildarfjöldi hótélherbergja og íbúða er óbreyttur. Hæð byggingarreits breytist ekki. Við breytinguna eykst fermetrafjöldi á lóð úr 2.875 m² í 3.370 m². Nýtingarhlutfall eftir breytingu verður um 0.22.

Erindið var lagt fram að nýju á fundi skipulagsráðs þann 6. Mars 2023. Afgreiðslu var frestað og vísað til umsagnar skipulagsdeildar.



3) Athugasemdir og ábendingar. Umsagnir

Á kynningartíma bárust athugasemdir og ábendingar frá:

1. Veitur, H Helga Rún Guðmundsdóttir – fylgiskjal 2

1.1


Veitur benda á að heimplögn rafmagns kemur til með að lenda undir nýjum byggingarreit og því þarf lóðarhafi að gera ráð fyrir færslu á heimplögn í samráði við Veitur.

Umsögn 1.1

Bæta þarf texta inn í deiliskipulagsbreytingu: Heimplögn rafmagns kemur til með að lenda undir nýjum byggingarreit og því þarf lóðarhafi að gera ráð fyrir færslu á heimplögn í samráði við Veitur.

4) Niðurstaða

Tillagan hefur verið uppfærð með athugasemd frá Veitum. Það er mat skipulagsdeildar að tillagan sé í samræmi við gildandi aðalskipulag Kópavogs og hafi óveruleg áhrif á aðlægar lóðar.





Góðan daginn

Veitur hafa kynnt sér eftirfarandi skipulagsbreytingar og vilja koma ábendingum/athugasemdum á framfæri:

Hafnarbraut 10 – Breytingin felur í sér aukið uppbyggingarmagn og stækkun á byggingarreit fyrir bílakjallara. Veitur benda á að mikilvægi þess að lagnir Veitna séu varðar með viðeigandi hætti á framkvæmdatíma.

Vatnsendablettur 5 - Breytingin felst í því að Lóðinni er skipt upp í tvær lóðir og nýr byggingarreitur skilgreindur. Veitur benda á tæknilega tengiskilmála sem fjalla um staðsetningu inntaksrýma og heimlagna og benda á að nauðsynlegt er að aðkoma lagna sé tryggð. Samkvæmt skilmálunum eiga inntaksstaðir að vera staðsettir við útvegg að götu þar sem dreifilagnir liggja. Nauðsynlegt er að skilgreina staðsetningu inntaksstaða á hönnunarstigi og í samstarfi við Veitur. <https://www.veitur.is/skilmalar-heimlagna>

Kríunes – Breytingin felst í að byggingarmagn er aukið og byggingarreitur stækkaður. Veitur benda á að heimlög rafmagns kemur til með að lenda undir nýjum byggingarreit og því þarf lóðarhafi að gera ráð fyrir færslu á heimlög í samráði við Veitur.

Kær kveðja,


Helga Rún Guðmundsdóttir

Sérfræðingur í umhverfis og skipulagsmálum

Framtíðarsýn og rekstur / Veitur

Sími: 516 6000 | Farsími: 6176691 | Netfang: Helga.Run.Gudmundsdottir@veitur.is

Veitur | www.veitur.is



Fyrirvari / Disclaimer: <http://www.veitur.is/fyrirvaridisclaimer>